

AUGLÝSING

um afgreiðslu bæjarstjórnar Kópavogsbæjar á auglýstri tillögu að deiliskipulagi.

Langabrekka 2. Deiliskipulag.

Í samræmi við skipulags- og byggingarlög nr. 73/1997, með síðari breytingum, hefur bæjarráð Kópavogsbæjar samþykkt þann 13. júlí 2007 tillögu að breyttu deiliskipulagi við Löngubrekku 2 ásamt umsögn bæjarskipulags. Málsmeðferð var skv. 25. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997.

Uppdrættir hafa hlotið þá meðferð sem ofangreind lög mæla fyrir um.

Í samræmi við 3. mgr. 25. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 var samþykkt deiliskipulag sent Skipulagsstofnun ásamt athugasemdum og umsögnum um þær. Athugasemdir bárust frá Skipulagsstofnun dags. 5. október 2007. Athugasemdum var svarað með erindi dags. 10. október 2007.

Skipulagið öðlast þegar gildi.

Kópavogi, 10. október 2007.

Smári Smáráson skipulagsstjóri.

B-deild – Útgáfud.: 15. október 2007